

Morgunblaðið

GA G N A S A F N

Miðvikudagur 17. september 1997. (Aðsent efni)

Góðar fréttir um almennu lífeyrissjóðina

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna hefur aldrei verið betri. **Hrafn Magnússon** telur að hún muni skila sér í bættum lífeyrisréttindum sjóðfélaga.

BANKAEFTIRLIT Seðlabanka Íslands hefur nú í sjötta sinn gefið út skýrslu um lífeyrissjóðina. Skýrslan er unnin upp úr ársreikningum sjóðanna fyrir árið 1996.

Við lesur skýrslurnar kemur berlega í ljós að launþegar á almennum vinnumarkaði búa við traust lífeyrissjóðakerfi. Almennu lífeyrissjóðirnir eiga nær undantekningarlaust fyrir skuldbindingum sínum, hvort sem um er að ræða heildarskuldbindingunum eða áunnum skuldbindingunum. Tryggingaáfræðileg staða Lífeyrissjóðs sjómanna hefur t.a.m. batnað umtalsvert á síðustu árum, sérstaklega þegar eignir sjóðsins hafa verið núvitar miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu. Engin ástæða er því fyrir hinn almenna launamann að ótast um hag sinn í framtíðinni. Eina markverða undantekningin er þó Lífeyrissjóður bænda. Þar er um sérstakt mál að ræða, sem sjóðmóld verða að leysa enda starfar sá sjóður sarkvæmt lögum frá Alþingi.

Á síðasta ári nam hrein raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs, þar sem rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá fjármunatekjum, yfir 8% hjá lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði. Allt frá árinu 1991, þegar fyrsta skýrsla bankaeftirlisins kom út, hefur hrein raunávöxtun almennu lífeyrissjóðanna verið mjög góð eða á bilinu 6%-8% á ári hverju. Þessi góða staða hefur nú á síðustu misserum veit lífeyrissjóðunum auknið svigrúm til að bæta lífeyrisréttindin, sérstaklega þó eilífeyrisréttindin, sem aldrei hafa verið eins góð og nú. Öll réttind í almennu sjóðunum eru nú verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og breytist lífeyritinn manaðarlega miðað við hækkun vísitölunnar.

Þá er ekki síður ánægjulegt að lífeyrissjóðum hefur farið fækkanði á undanförnum árum. Þannig voru fullstarfandi lífeyrissjóðir 57 í fyrra og hafði fækkað um 9 á árinu. Lífeyrissjóðum mun einnig fara fækkanði á þessu ári og mun sú þróun halda áfram á næstu árum, m.a. vegna hugmynda um sameiginlegan lífeyrissjóð sveitarfélaga. Til fróðleiks má geta þess að fyrir ekki ykja mörgum árum voru starfandi tæplega 100 lífeyrissjóðir hér á landi. Með fækkun og samruna lífeyrissjóða hefur tekist að skapa sterkari lífeyrisheildir, sem hefur eru í stökk þúnar en áður að takast á við aukin og vandasöm verkefni, m.a. vegna örtra breytinga, sem átt hafa sér stað á fjármagnsmarkaðunum.

Kostnaður við rekstur lífeyrissjóðanna hefur farið lækkandi á síðustu árum sem hlutfall af eignum sjóðanna og stenski fjálflega samanburð við það sem tókast víða erlendis. Þannig nam kostnaður sem hlutfall af eignum einungis 0,26% á síðasta ári og hafði það hlutfall lækkað um 7% milli ára. Til fróðleiks má geta þess að rekstrarkostnaður sjóðanna sem hlutfall af eignum nam árið 1991 um 0,41% og hafði því lækkað um 3,7% milli áraanna 1991 til 1996. Ánnar mælikvarði við mat á kostnaði lífeyrissjóðanna er að bera hann saman við imborguð iðgiöld. Í fyrra nam sá kostnaður 3,92% af iðgiöldum samanborið við 4,05% árið 1991. Þriðji mælikvarðinn, sem oft er stuðst við, er að bera saman kostnað á hvern greiðandi sjóðfélaga. Á árinu 1996 nam kostnaður á sjóðfélaga í sameignarsjóði 5,331 kr., borði saman við 9,927 kr. kostnað á sjóðfélaga í séreignarsjóði. Við þerman samanburð ber þó að hafa í huga að einungis 3,0% sjóðfélaga greiða til séreignarsjóðanna. Til viðbótar má geta þess að aðeins 3,8% af eignum lífeyrissjóðanna eru í séreignarsjóðum enda hafa landsmenn kosið að byggja upp lífeyriskerfi, sem grundvallast á samtryggingu sjóðfélaga.

Það er því sama hvar liðið er, þegar skýrsla bankaeftirlis Seðlabankans um rekstur sjóðanna á síðasta ári er skoðuð. Launamenn á almennum vinnumarkaði búa við traust lífeyriskerfi. Raunávöxtun lífeyrissjóðanna hefur aldrei verið betri, sem mun skila sér í bættum lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Þá hefur lífeyrissjóðum farið fækkanði og rekstrarkostnaður þeirra hefur lækkað umtalsvert, hvort sem hann er reiknaður sem hlutfall af eignum sjóðanna eða af iðgialdatekjum. Skýrsla bankaeftirlisins boðar því góðar fréttir fyrir hinn almenna launamann.

Höfundur er framkvæmdastjóri Sambands almennra lífeyrissjóða.

Hrafn

Magnússon

<http://www.mbl.is/gagnasafn/>

15.4.1999